

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík, 07. janúar 2004
2003120013/016-0
SB/hj

Umsögn um nýtingarleyfi fyrir Hitaveitu Suðurnesja á Reykjanesi

Vísað er til erindis umhverfisráðuneytisins frá 15. desember 2003 þar sem farið er fram á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi fyrir Hitaveitu Suðurnesja til nýtingar á jarðvarma til orkuframleiðslu á tilteknu svæði á Reykjanesi samkvæmt hjálögðum kortum og greinargerð.

Umrætt svæði til orkuframleiðslu liggur innan svæðisins "Reykjanes–Eldvörp–Hafnarberg" sem tilnefnt er til friðlýsingar sem náttúruvætti í þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem umhverfisráðherra hefur lagt fyrir 130. löggjafarþing. Í þingsályktunartillögunni er þetta svæði tiltekið sem eitt af tveimur verndarsvæðum fyrir jarðminjar í náttúruverndaráætlun. Í fylgiskjali með þingsályktunartillögunni eru útlínur svæðisins sýndar ásamt afmörkuðu iðnaðarsvæði. Svæðismörk eru sett fram sem tillögur með fyrirvara um nánari útfærslu við undirbúning friðlýsingar.

Náttúrufræðistofnun bendir á að beiðni Hitaveitu Suðurnesja um nýtingarleyfi nær út fyrir afmarkað iðnaðarsvæði í ofangreindri þingsályktunartillögu. Þar er einkum átt við fyrirhuguð borsvæði (merkt A, C, D, E, F, G, H og I á skýringarupprætti). Ennfremur bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að útlínur þess verndarsvæðis sem sýnt er á skýringarupprætti í fylgiskjali Hitaveitu Suðurnesja eru í ósamræmi við mörk verndarsvæðis í þingsályktunartillögunni.

Náttúrufræðistofnun Íslands sér ekki ástæðu til að fjall efnislega um orkuvinnslu á Reykjanesi sem slíka á þessu stigi máls, en bendir á að á svæðinu eru merkar náttúruminjar og að umsókn um námaleyfi og fyrirhugaðar framkvæmdir geta stangast á við stefnu umhverfisráðherra um verndun svæðisins. Stofnunin telur þó að unnt sé að samræma vernd og framkvæmdir á svæðinu með frekari vinnu og leggur til að samráðshópur sérfræðinga og fulltrúa stjórnarsýslu og hagsmunaaðila fari yfir þau atriði sem þarf að samræma eða skera úr um og skili niðurstöðum innan skamms tíma. Náttúrufræðistofnun Íslands er fús að taka þátt í slíku samráði.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur því til að beðið verði með afgreiðslu nýtingarleyfis þar til Alþingi hefur fjallað um þingsályktunartillöguna og mörk verndarsvæðis hafa verið ákvörðuð.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS